



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **SAMÚÐARKVEÐJA TIL NÝJA SJÁLANDS**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í dag, miðvikudaginn 23. febrúar, sent Sir Anand Satyanand, landstjóra Nýja Sjálands, samúðarkveðjur vegna jarðskjálftanna í Christchurch sem kostað hafa tugi mannlífa og valdi gríðarlegu eignatjóni. Hugur okkar sé með fjölskyldum og vinum þeirra sem látið hafa lífið og með þeim sem slasast hafa sem og öðrum íbúum landsins sem nú glímur við mikla erfiðleika. Fjölmargir Íslendingar eigi ættingja og vini í Christchurch og því fylgist þjóðin náíð með fréttum af hinum hörmulegum atburðum.

*23. febrúar 2011*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*